

Reglur um afslátt af fasteignaskatti hjá tekjulitlum elli- og örorkulífeyrisþegum

1. gr.

Tekjulágir ellilífeyrisþegar, sem náð hafa 67 ára aldri og örorkulífeyrisþega með a.m.k. 75% örorku, með lögheimili í Sveitarfélaginu Árborg er veittur afsláttur af fasteignaskatti íbúðarhúsnæðis samkvæmt reglum þessum sbr. heimild í 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

2. gr.

Skilyrði afsláttar eru að viðkomandi sé elli- eða örorkulífeyrisþegi, sé þinglýstur eigandi fasteignarinnar, sé búsettur þar og eigi þar lögheimili.

Einungis er veittur afsláttur vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota.

Ef eigendur íbúðarhúsnæðis eru fleiri en einn og einhver þeirra uppfyllir skilyrði um afslátt er afsláttur veittur í samræmi við eignarhlut viðkomandi. Ef sameiginlegir eigendur eru hjón eða sambúðarfólk gildir þó 3. gr. við um útreikning afsláttar.

3. gr.

Við ákvörðun afsláttar af fasteignaskatti skulu notaðar eftirfarandi viðmiðunarreglur:

Afsláttur	Einstaklingar	Hjón/sambúðarfólk
100% afsláttur ef tekjur eru allt að	6.060.000	8.030.000
75% afsláttur ef tekjur eru allt að	6.790.000	9.140.000
50% afsláttur ef tekjur eru allt að	7.500.000	10.250.000
25% afsláttur ef tekjur eru allt að	8.205.000	11.360.000

Viðmiðunarreglur eru heildartekjur umsækjanda, þ.e. tekjur sem mynda álagningarstofn tekjuskatts, útsvars og fjármagnstekjuskatts, eins skv. álagningu Ríkisskattstjóra ári á undan álagningarári.

Viðmiðunarfjárhæðirnar skulu framreiknaðar árlega með tilliti til breytinga á launavísitölu frá upphafi til loka þess tekjuárs sem miðað er við hverju sinni.

Nægilegt er að annað hjóna eða sambúðarfólks sé ellilífeyrisþegi eða öryrki.

Afsláttur af fasteignaskatti er allt að kr. 160.000,- en getur aldrei orðið hærri en álagður fasteignaskattur.

4. gr.

Afsláttur af fasteignagjöldum samkvæmt reglugerð þessari er reiknaður tvisvar sinnum á ári, í janúar og í júní.

Við álagningu fasteignagjalda í janúar er afsláttur elli- og örorkulífeyrisþega miðaður til tekjur skv. álagningu Ríkisskattstjóra ári á undan álagningarári. Við endurútreikning afsláttar í júní er afslátturinn miðaður við tekjur skv. nýrri álagningu Ríkisskattstjóra, út frá tekjum síðasta árs.

5. gr.

Við fráfalið maka/sambýlismanns tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega á eftirlifandi rétti á afslætti sem á við um hjón eða sambúðarfólk, sbr. 3. gr.

Komi til hjóna- eða sambúðarslita skal fjárhæð afsláttar haldast óbreytt út viðkomandi álagningarár sé eignin áfram í eigu annars eða beggja.

6. gr.

Við eigendaskipti fasteignar skal afsláttur lækkaður hlutfallslega í samræmi við það hlutfall sem eftir er af gjaldárinu. Einstaklingur eða hjón sem uppfylla reglur þessar geta óskað eftir að fá hlutfallslegan afslátt í samræmi við það hlutfall sem eftir er af gjaldaárinu.

7. gr.

Rísi ágreiningur um túlkun reglna eða afgreiðslu mála skal málinu vísað til bæjarráðs Sveitarfélagsins Árborgar.

Samþykkt á bæjarstjórnarfundum xx. janúar 2025